



Tannlæknafélag Íslands

Fréttabréf 5. tbl. október 2010

Félagsfundur TFÍ 2010

Félagsfundur í Tannlæknafélagi Íslands verður haldinn í félagsheimili TFÍ í félagsheimili tannlækna að Síðurmúla 35, miðvikudaginn 13. október 2010 og hefst kl. 18.00

Dagskrá:

18.00 Helga Ágústsdóttir tannlæknir og deildarstjóri í Heilbrigðisráðuneytinu, kynnur niðurstöður samnorræns vinnuhóps sem hún hefur setið í s.l. 3 ár.

"Samnorrænir gæðavísar í tannlækningum-norrænn samanburður á tannvernd og tannheilsu"

19.00 Matarhlé -

20.00 Hefðbundin fundardagskrá.

MUNIÐ AÐ SKRÁ YKKUR Í MATINN.

**Aðalfundur
Tannlæknafélags
Íslands verður haldinn
11. nóvember
kl. 20.00
í félagsheimili
TFÍ Síðumúla 35,
Reykjavík.**

**Skrifstofan verður
lokuð frá 14. október
til 31. október.**

**Félagsmönnum er
velkomið að hringja í
Anný í síma 897-7574**

Desemberuppbót 2010 er 72.600 krónur

Skýrsla formanns 2009 til 2010.

Á liðnu starfsári frá október 2009 til septemberloka 2010 voru haldnir sjö félagsfundir auk aðalfundar. Gefin voru út sex fréttabréf. Forðmaður átti þar að auki einn eða með hluta stjórnar fundi með ráðherra, Landlækni, tryggingatannlækni og ýmsum öðrum sem hafa eitthvað með tennur og tannlækna að gera. Stjórnarmeðlimir hafa einnig átt samskipti við fjölmiða hvort heldur í útvarpi eða blaðaviðtölum. Þó nokkur kvörtunarmál og símhringingar hafa komið inn á borð formanns þó þau hafi ekki öll endað hjá sáttanefnd og hefur formaður einnig þurft að tilkynna til Landlæknis mál sem varða Lög um tannlækningar og Læknalög.

Á félagsfundi í október kom góður gestur, Guðríður Anna Kristjánsdóttir tannlæknir og héraðsdómslögmaður hjá VÍS og flutti erindi um sjúklingatrygginguna. Aðalfundur var síðan haldinn 12. nóvember þar sem kosinn var formaður Sigurður Benediktsson og aðrir í stjórn voru kjörin þau Stefán Hallur Jónsson, Börkur Thoroddsen, Kristín Heimisdóttir og Elfa Guðmundsdóttir. Í varastjórn voru kjörin Eva Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Sara Benediktsdóttir. Stjórn skipti með sér verkun þannig Stefán varð varaformaður, Kristín Heimisdóttir gjaldkeri og Börkur ritari. Meðstjórnandi var Elfa Guðmundsdóttir.

Á félagsfundi í desember kom Rúnar Vilhjálmsson prófessor og sagði hann frá niðurstöðum sínum og nýútkominni grein í Læknablaðinu varðandi útgjöld heimilanna til heilbrigðismála. Merkilegar niðurstöður þar á ferð og ættu tannlæknar að hafa þær ofalega í huga þegar rætt er um kostnað við tannlækningar. Sviðaveisla formanns var að venju í desember og sömuleiðis jólaball TFÍ.

Stefnumótun TFÍ og þeirri vinnu sem farin var í gang innan félagsins var síðan kynnt fyrir félagsmönnum á félagsfundi í janúar 2010.

Á félagsfundi í febrúar fengum við síðan gesti frá Lýðheilsustöð, þá Jón Óskar Guðlaugsson og Viðar Jensson. Kynnt var rannsókn á sambandi menntunar og munnheilsu og síðan fjallað um munntóbak og tannheilsu.

Félagsfundur í mars var síðan haldinn á Akureyri í tengslum við Skíðaping TFN og er sá viðburður vonandi kominn til að vera. Þann 12. maí var síðan haldinn félags- og skemmtifundur með mökum. Fyrsti félagsfundur haustsins var síðan haldinn 9. september og var Ari Trausti Guðmundsson fenginn til að halda erindi um eldstöðvar á Íslandi.

Algjört stefnuleysi hefur ríkt á Íslandi í tannheilsumálum í mörg ár og í engu reynt að ná markiðum Heilbrigðisáætlunar til ársins 2010. Í

stað þess að bíða endalaust eftir því að yfirvöld marki einhverja stefnu í þessum málum var eitt fyrsta verk stjórnar félagsins að skipa vinnuhóp til að móta raunhæfa stefnu í tannheilsumálum. Fjöldi tannlækna kom að þessari vinnu og hefur afraksturinn verið sendur félagsmönnum í formi skýrslu sem ber heitið Stefnumótun- Starfshópur TFÍ um bættu tannheilsu barna og unglinga. Er það von formanns að með þessum tillögum getum við byggt upp kerfi þar sem þörfum hvers og eins barns sé mætt og þeim fjármunum sem veitt er til tannlækninga sé sem best varið. Næsta skref er síðan að kynna þetta fyrir nýjum ráðherra en beðið er eftir fundi með honum, eins er beðið eftir kynningarfundi ráðuneytis vegna nýrrar heilbrigðisáætlunar til 2020.

Svo sannarlega má segja að fyrrverandi heilbrigðisráðherra Álfheiður Ingadóttir hafi sett mark sitt á tannlæknaeplu og mikill fjöldi nýrra reglna litið dagsins ljós. Hæst bar reglugerð 190/2010 þar sem réttindi m.a. barna með skarð í vör og góm voru stórlega bætt og loksins eitthvað af viti gert fyrir þennan hóp. Var málið um tíma hápólitískt og ofurviðkvæmt bak við tjöldin en stjórn félagsins komst vel frá þessu máli án þess að taka afstöðu með neinum nema skjólstæðingum okkar. Til að einfalda regluverkið var síðan nú nýverið gefin út ein heildarreglugerð í stað fyrri reglugerða. Vonbrigði ársins var hins vegar staðfesting á ævagamalla gjaldskrá sjúkratrygginga með auglýsingu nr.703/2010 þrátt fyrir 300 milljóna afgang af heimild ríkisfjármála til tannlækninga sem var algerlega fyrirséður og var stjórn félagsins margsinis búin að benda á þessa þróun.

Í Kjölfar reglugerðar 190/2010 skrifaði Tannlæknafélag Ísland, Tannréttingafélag Íslands og Sjúkratryggingar Íslands undir vijayfirlýsingu um skipan samstarfsnefnar með það að markmiði að yfirfara og samræma aðgerðarskrá tannlækna og tannréttingasérfræðinga. Ný og nútímaleg aðgerðarskrá gerir tannlæknum kleift að færa ítarlega og nákvæma sjúkrskrá lögum samkvæmt og væri kærkomið að geta notast við nútímalega skrá í daglegri vinnu. Í nefndinni sitja Bjarni Elvar Pétursson og Svend Richter fyrir hönd Tannlæknafélags Ísland og Solveig Jónsdóttir og Gísli Vilhjálmsson fyrir Tannréttingafélag Íslands. Nefndin á að skila áfangaskýrslu í október 2010 og mikil vinna hefur verið unnin af nefndarmönnum í þessu ferli og eiga þeir svo sannarlega þakkir skildar.

Eyjafjallajökull setti strik í reikninginn í erlendum samskiptum en formaður og framkvæmdarstjóri þurftu að aflýsa ferð sinni til Svíþjóðar þar sem árlegur formannafundur var haldinn. Sérstakur sendiherra okkar í erlendum samskiptum, I

Ingibjörg S. Benediktsdóttir, náði þó að komast á fundinn með lest og var fulltrúi okkar þar. Formenn annars staðar frá komu með ferjum, lestum og hestum. Önnur samskipti hafa verið rafræn og hefur Ingibjörg sinnt samskiptum við Evrópustofnanir.

Stjórn félagsins vill þakka öllum þeim sem tóku þátt í vinnu ýmissa nefnda á vegum félagsins og þakkar formaður sérstaklega fyrir samvinnu við framkvæmdastjóra félagsins Anný Antonsdóttur.

Sigurður Benediktsson, formaður TFÍ.

Skýrsla ársþings- og endurmenntunarnefndar Tannlæknafélags Íslands. Starfsárið 2009-2010.

Í nefndinni sátu Jón Ólafur Sigurjónsson formaður, Petra Sigurðardóttir, Júlíus Helgi Schopka, Sigríður Rósa Víðisdóttir, Elín Sigurgeirsdóttir, Hrönn Róbertsdóttir og fulltrúi stjórnar TFÍ Kristín Heimisdóttir.

Störf nefndarinnar fólust í skipulagningu endurmenntunar tannlækna á Íslandi, þá helst ársþings TFÍ og janúarkúrsus.

Tuttugasta og fimmta ársþing TFÍ var haldið á Hilton Nordica dagana 13.-14. nóvember 2009. Yfirskriftin var „Hvað einkennir fallett brost?“. Þingið sóttu um 160 tannlæknar og var haldin vörusýning því samhliða. Fyrirlesarar voru einvörðungu íslenskir og þótti þingið vel heppnað. Leitast var við að svara spurningunni út frá ýmsum greinum tannlæknisfræðinnar. Janúarkúrsus var haldinn í félagsheimili TFÍ dagana 15.-16. janúar 2010. Yfirskriftin að þessu sinni var „Á jaðri fagsins“. Fjallað var um ýmis málefni sem snúa beint eða óbeint að tannlækningum, svo sem lyfjafræði, skyndihjálpar, lagaumhverfi o.fl. Húsfyllir var á janúarkúrsus og virðist félagsheimilið henta mjög vel fyrir fyrirlestra félagsins. Tannlæknafélag Norðurlands stóð fyrir sinni fyrstu skíða- og fræðsluferð á Akureyri sem mæltist mjög vel fyrir. Næsta skíðþing TFN verður haldið 11.-12. mars 2011 og er vonandi að þetta verði framvegis árlegur viðburður. Þeirri nýbreyttni var komið á laggirnar að hafa sumargrill TFÍ. Að þessu sinni var það haldið 10. júní 2010 og heimsótti okkur rötfullingarsérfræðingurinn George Bogen frá Bandaríkjunum og fjallaði hann um tannplanta vs endó og uppbyggingar á rötfulltum tönnum. Eftir fyrirlesturinn var grillað á svölum úti og dansaður línudans. Það er von okkar í nefndinni að sumargrillið verði einnig árlegt. Ársþingið 2010 verður haldið á Hilton Nordica dagana 12.-13. nóvember. Yfirskriftin í ár er: „Tannlækningar 2010 – Nýjungar“. Eins og í fyrra verður þingið skartað íslenskum tannlæknum og sérfræðingum.

Nefndarfundir verða að minnsta kosti tíu á starfsárinu. Ég og Petra Sigurðardóttir hverfum úr nefndinni eftir þriggja ára setu og vil ég þakka nefndarmönnum fyrir gott samstarf á liðnum árum. Einnig vil ég þakka Anný fyrir að veita ómetanlega aðstoð.

Fyrir hönd Ársþings- og endurmenntunarnefndar.
Jón Ólafur Sigurjónsson.

Skýrsla Árshátíðar- og skemmtinefndar 2009-2010

Ný skemmtinefnd tók við af Gunnari Rósarsyni nokkru fyrir síðasta aðalfund þó svo formleg skipting hefði ekki farið fram fyrir en á aðalfundinum.

Þetta var gert svo ný nefnd hefði svigrúm til að skipuleggja árshátíðina sem haldin var á Hilton Nordica í tengslum við ársþingið eins og venja hefur verið annað hvert ár.

Nefndin er skipuð 8 valkyrjum sem hafa gengið undir nafninu „Kokkurnar“.

Snemma hófst undirbúningur fyrir árshátíðina eða í september og ákvað nefndin að skella sér í kvikmyndaframleiðslu. Handrit var samið og leikarar ráðnir sem að vísu voru frekar tengdir kokkunum enda um maka þeirra að ræða. Í stuttu máli sagt var stefnan tekin á Sviss þar sem upptökur fóru fram í skjóli kreppu og bankahruns og fjallaði myndin um leit njósnakvenda að öllum þeim fjármunum sem streymt hafa frá landinu. Myndin var svo sýnd á árshátíðinni við mikinn fögnuð gesta. Dagskrá árshátíðarinnar var öll hin glæsilegasta þar sem vel var tekið á móti gestum með fordrykk og allir voru teknir í myndatöku. „Þjónað“ var til borðs af þjónum sem kunnu sitt fag misvel enda kom í ljós að um leikara var að ræða sem voru með ýmsar spaugilegar uppákomur í salnum“, Ingólfur Eldjárn var ræðumaður kvöldsins og tókst honum afar vel til þar, eins og við var að búast, Hera Björk kom og söng fyrir okkur nokkur lög, hljómsveitin Tannbrot lék fyrir dansi og endaði svo árshátíðin á því að Daddi disco sá um að halda uppi fjörinu. Við í nefndinni erum afar ánægðar með hvernig til tókst með árshátíðina og er það von okkar að árshátíð eigi eftir að verða árlegur viðburður hjá Tannlæknafélaginu en það er einmitt ætlun okkar að á meðan við fáum einhverju um þetta ráðið verður haldin árshátíð á hverju ári og er undirbúningur kominn á fullt fyrir næstu árshátíð sem verður haldin í Turninum þann 13. Nóvember n.k.

Þann 10. júní var haldinn „Kántrý-Endó“ fyrirlestur í félagsheimilinu þar sem Bandaríski endodontistinn George Bogen hélt fyrirlestur fyrir tannlækna og var mökum boðið að vera með. Eftir fyrirlesturinn var grillað á svölum. Salurinn var skreyttur í anda villta vestursins og kom svo danskennari sem dreif alla útá gólfið í línudans. Óhætt er að segja að þar hafi sést vel hvað tannlæknar eru fjölhæft fólk.

Að lokum viljum við hvetja alla til að mæta á árshátíðina og lofum því að hún verður ekki síður glæsileg en árshátíðin í fyrra.

Kokkurnar

Skýrsla Hag og rekstrarnefndar 2009 – 2010

Í Hag og Rekstrarnefnd TFÍ - H&R sitja: Börkur Thoroddsen, Halldór Halldórsson, Kristján Víkingsson, Sigurður Benediktsson og Þorsteinn Sch. Þorsteinsson. Engir formlegir fundir hafa verið haldnir. Samskipti nefndarmanna fara fram á netinu.

Hlutverk H&R er að upplýsa félagsmenn um allt sem máli skiptir við rekstur tannlækningastofu, þar með að uppfæra hinn svokallaða kostnaðargrunn til núvirðis. Með samningi TFÍ og TR hinn 15. apríl 1992, þeim síðasta sem gildi um fastan taxa, fylgdi sundurliðaður kostnaðargrunnur sem unnin var úr sameiginlegri könnun TFÍ og TR. Saga grunnsins er eftirfarandi: Að undangengnum eldri samningi sem undirritaður var hinn 10. des 1987, stóðu samningsaðilar fyrir úttekt á rekstrarþáttum tannlæknastofa fyrir árin 1985 og 1986. Niðurstöðurnar voru látnar gilda eins ákveðið hafði verið fyrirfram og á þeim var grunnurinn byggður. Könnunin var endurtekin árið 1990 og voru þá skoðaðar rekstrartölur árána 1987 og 1988. TR neitaði að taka þær niður-stöður til greina og hafnaði 10% hækkun á grunni.

Samningurinn féll úr gildi hinn 31. okt. 1998. Ástæðan var einkum tregða TR við að taka inn nýja kostnaðarliði í grunninn. Þó að enginn sé samningur uppfærir H&R grunninn reglulega. Samanburðar vegna notar H&R nákvæmlega sömu aðferðir, vísi-tölur og breytur við útreikninginn og samkomulag var um þegar samningur TFÍ og TR frá 1992 var í gildi um fastan taxa. Það getur komið sér vel ef sest verður að samningaborði við stjórnvöld að viðhalda framreiknuðum grunni sem þau samþykktu sjálf. Ef grunnurinn gildi enn óbreyttur, en uppfærður til núvirðis væri reksturskostnaður tannlækningastofu 1. sept. 2010 kr. 17.908.833 á ári.

Í kjölfar þess að samningurinn féll úr gildi funduðu stjórn og gjaldskrárnefnd - nú H&R - með þremur tugum félagsmanna og ákváðu að endurskilgreina kostnaðarliði í grunni og taka nýja liði inn. Sem dæmi um þá fyrrnefndu er fjármagnskostnaður sem var reiknaður til raunverðs, 4,9% í stað 2% af stofnkostnaði. Sem dæmi um þá síðarnefndu eru sjúklingatryggingar, persónutryggingar, kostnaður við sótthreinsun, förgun og eftirlitsgjöld. H&R endurreiknaði stofnkostnað með nýjum tækjalista hinn 1. júní 2008. Nýr uppreiknaður grunnur var sendur félagsmönnum á netinu hinn 5. september 2010. Í eldri skýrslum H&R, sem nálgast má á vefsíðu

TFÍ og í Fréttabréfi TFÍ má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar og leiðbeiningar, sem falla undir starfsvið nefndarinnar. Félagsmenn eru hvattir til að nota sér þessar upplýsingar.

Í efnahagsumhverfinu nú, er ekki gefið að allir tannlæknar hafi verkefni til þess að ná þeirri ársveltun sem „vísitölustofan“ gerir ráð fyrir. En ef samningur gildi enn óbreyttur, og rekstrarumhverfið eðlilegt, væri rekstrarkostnaður með viðbættum og endurreikn-uðum kostnaðarliðum kr. 21.212.899. Stofnkostnaður stofu er nú kr. 24.491.688. Reiknað endurgjald Ríkisskattstjóra (RSK) er óbreytt frá árinu 2007. RSK metur að laun tannlækna samkvæmt reiknuðu endurgjaldi (flokkur A4) séu hæfilega metin kr. 7.140.000 á ári. Summa reksturskostnaðar skv. grunni og reiknaðs endurgjalds RSK yrði þá kr. 28.4 milljónir, sem er ársveltan. Hér

þarf að gæta aðhalds í rekstri og halda kostnaði niðri svo að tannlæknirinn hafi þokkalega afkomu. Hafa ber í huga að launin eru brúttólaun. Af þeim verður tannlæknirinn að leggja skerf í starfslokasjóð. Enginn annar en tannlæknirinn sjálfur greiðir honum laun í orlofi og veikindum. Enginn annar greiðir honum eftirlaun eða afhendir honum starfslokasamning.

Í téðum samningi TFÍ og TR frá 15. apríl 1992 var samkomulag um að þótt viðvera tannlæknis á stofu væri 8 stundir á dag, nýttust aðeins 6 stundir sem klínískur vinnu-tími. Þegar dregnir eru frá þeir virku dagar sem fara í orlof, eftirmenntun, veikindi og aðra óvænta fjarveru eru klínískir vinnudagar 206 á ári. Alls er klíníski tíminn því 1236 stundir á ári. Þetta er í samræmi við vinnutíma tannlækna annarsstaðar á Norðurlöndum. Viðvera á stofu er ekki sama og klínískur vinnutími. Klínískur vinnutími, 6 stundir á dag, er sá eini sem tannlæknirinn getur heimt þóknun fyrir. Tannlæknir getur einungis verðlagt klínísk (etv. teknísk) verk sín og þjónustu. Kjósi tannlæknir að sinna uppgjöri, bókhaldi og annari skriffinnsku sjálfur gerir hann það í frítíma sínum.

Samráð um gjaldskrá er ólöglegt, en hafa má ofangreindar upplýsingar H&R til samanburðar þegar þegar tannlæknir semur verðskrá sína eftir eigin rekstrartölum og tímamælingum. Það ætti að vera auðveldur útreikningur að deila fjölda klínískra vinnustunda upp í ársveltuna og finna þannig hvað innkoman á hverja klíníska klukkustund þarf að vera. En kostnaðarliðir grunnsins eru hvergi eins á stofum tannlækna. Lánakjör eru mismunandi. Og nefna má að launakostnaður, sem vegur þungt í grunni er breytilegur. Ekki eru allir með starfsmann í fullu starfi og annan í hálfu, eins og gert var ráð fyrir í samningnum frá 1992. Tannlæknar eru misduglegir við að skipuleggja tíma sinn og deila verkefnum með aðstoðarfólki sínu.

Viðkorfskönnun TFÍ árið 2003 sýnir að „51% tannlækna vinnur meira en 40 stundir á viku, þar af 14% meira en 50 stundir. Fjórðungur tannlækna eða 25,6% tekur færri en 21 frídag á ári.“ Tölurnar benda til þess að hjá helmingi tannlækna gæti viðveran verið frá 1600 til 2000 klst. á ári. Varla situr tannlæknirinn svo lengi við stólinn. Fjórðungur, jafnvel þriðjungur viðverunnar virðist þá fara í óarðbær störf sem fela mætti aðstoðarfólki. Þá má íhuga hvort 1236 sé rétt deilitala.

Hafa má til viðmiðunar, að í Vesturvefningu og í Bandaríkjunum þykir hlutfallið, 2/3 kostnaður og 1/3 laun góð viðmiðun. Við undirritun samnings TR og TFÍ hinn 15. apríl 1992 var kostnaðarhlutinn var 64,76% af veltunni og brúttólaun tannlæknis 35,24%. Niðurstaða könnunar, sem TFÍ gerði meðal félagsmanna árið 1997, sýndi að hlutfallið var 65,45% á móti 34,55%. Þetta hlutfall breytist ekki mikið milli útreikninga. Könnun American Dental Association, vegna árána 1986 - 1995, sýnir að hlutfall kostnaðar og launa var að meðaltali 66% á móti 34%, (Brown, L. J. og Lazar, V.; Trends - Net income, gross billings and practice expenses of independent dentists.; JADA, vol. 129, July 1998, bls. 1031 - 1035).

Vörunotkun í grunni er mæld með „neyslúvísitölu án húsnæðis“, sem segir til um langtímabreytingar á vöruverði. Ekki er til sérstök vísitala fyrir tannlæknaefni, en tilfinning tannlækna er að aðföng öll hafi hækkað mikið á liðnum misserum. Þetta verður hver og einn að mæla hjá sjálfum sér, gera viðeigandi breytingar í rekstri og í verðlagningu þjónustunnar.

Útreikningar H&R eru gerðir með fyrirvara. Búast má við breytingu á neyslúvísitölunni á næstunni vegna hækkunar á orkuverði, sem fer væntanlega eins og bandormur í gegn um allt þjóðfélagið. H&R mun senda frá sér nýja útreikninga að hausti ef miklar breytingar verða á þeim vísitölum og breytum sem notaðar eru við framreikninginn.

6. september 2010
Börkur Thoroddsen

NEYÐARVAKT TFÍ

Þetta starfsár var fjöldi tannlækna við vaktina 25. Vaktin var sem áður milli kl. 11 og 13 alla laugardags- og sunnudagsmorgna og alla hátíðisdaga ársins. Engin neyðarvakt er um kvöld og nætur en vakthafandi tannlæknar sinna neyðartilvikum á virkum dögum á auglýstum opnunartímum. Skipulag vaktarinnar fer fram í desember og geta félagsmenn skráð sig á vaktina eða sagt sig frá henni.

Anný Antonsdóttir

Frá fulltrúa TFÍ í sérfræðinefnd

Félag sérmenntaðra tannlækna hélt félagsfund í síðastliðið haust og síðan var boðað til nokkra nefndarfunda þar sem farið var yfir hvað hægt væri að gera til að halda merki félaga hærra á lofti, sem og að tryggja að einungis sérmenntaðir tannlæknar með viðurkenningu frá Landlækni kölluðu sig sérfræðinga. Er þetta enn í vinnslu. Einn fundur var haldinn í sérfræðinefnd, með nýjum deildarforseta THÍ. Var þar farið yfir stöðu innlagðra umsókna og ein ný tekin fyrir, en því miður fékk ekki neinn sérmenntaður tannlæknir brautar gengi í nefndinni þetta árið. Var helsta ástæða vöntun á gögnum frá umsækjendum.

Ásgeir Sigurðsson

Skýrsla lyfjanefndar

Lítið hefur verið aðhafst í lyfjanefnd á árinu. Engin ný lyf okkur til handa hafa verið skráð svo vitað sé. Hinsvegar hafa nokkur verið tekin af markaði og alltaf án nokkurrar undanfarandi tilkynningar. Einnig hefur borið á því að sum algeng lyf hafa hreinlega ekki verið til um tíma hjá lyfsölum (td vegna hráefnissskorts að sögn framleiðenda). Lyfjanefnd hefur einungis borist eitt erindi vegna þessa á árinu. Þar hefur meðferð verið torvelduð á sjúklingum bæði vegna þess að innflutningi lyfs hefur verið hætt eða þá að lyf hafa fengið annað ATC númer sem tannlæknum er ekki leyfilegt að ávísa.

Fh lyfjanefndar Rolf Hansson

Skýrsla sáttanefndar TFÍ

Í sáttanefnd sitja: Jón Viðar Arnórsson, Björn Þorvaldsson og Björgvin Jónsson til vara.

Sáttanefnd hefur leitað til sérfræðinga um aðstoð þegar svo hefur staðið á og vill þakka sérstaklega Birni Ragnarssyni og Teiti Jónssyni fyrir veitta aðstoð.

Sáttanefnd hefur haft 3-4 mál á sinni könnu þetta starfsárið og leitt 2 þeirra til lykta, en hin eru enn í vinnslu.

Það verður að segjast að máltækið "oft veltir lítil þúfa þungu hlasi" sé mjög viðeigandi í mörgum þessara umkvörtunarmála. Smá misskilningur, oft á tíðum of lítil upplýsinga gjöf eða vanmat á væntingum sjúklingsins leiðir til þess að hann verður óánægður og trúnaðabrestur verður. Auðvitað eru líka tilfelli þar sem sjúklingur er haldinn þráhyggju og er með óraunhæfar fullyrðingar og kröfur. Tilfelli þar sem tannlækni hafa orðið á alvarleg mistök sjást varla hjá nefndinni, etv. vegna þess að þau eru sem betur fer fátíð, en einnig vegna þess að þar er atburðarásin oftast ljósari og kvörtunarmálin fara aðrar leiðir í "kerfinu".

Ég vil hvetja alla til að halda góðar sjúkraskrár, sem auðvelt er að vitna í og rekja gang meðferðar og fara ekki út í stærri verk án þess að vera búinn að gera sjúklingi góða grein fyrir því hvernig mál komi til með að ganga fyrir sig. Rétt er að hafa alltaf á hreinu hverjar væntingar sjúklingsins til meðferðarinnar eru og gera honum góða grein fyrir mögulegum aukaverkunum.

Jón Viðar Arnórsson formaður

Skýrsla Orða- og fræðslunefndar 2009-2010

Í nefndinni er Björgvin Ó Jónsson formaður, Karl Örn Karlsson og Einar Ragnarsson.

Undirritaður sótti málþing sem haldið var 4. desember 2009 undir heitinu „Íðorð og ný málstefna: Sóknarfæri í orðaforða sérgreina.

Nefndin hélt einn fund á starfsárinu og hefur ennfremur unnið að smíði íðorða og lagt inn í orðabanka íslenskrar málstöðvar. Karl Örn Karlsson hefur meðal annars svarað fyrirspurnum frá þýðingarmiðstöð Utanríkisráðuneytis og Heilbrigðisráðuneyti. Allar tillögur um íðorð í tannlækngum eru vel þegnar og geta félagsmenn komið þeim á framfæri við nefndarmenn eða skrifstofu TFÍ.

F.h. nefndarmanna
Björgvin Ó Jónsson

26. Ársþing Tannlæknafélags Íslands 12. – 13. nóvember 2010 Tannlækningar 2010 - „Nýjungar“

FÖSTUDAGUR 12.NÓVEMBER 2010

08.00-09.00 Skráning og afhending gagna.

- 09.00-09.20 **Bjarni Elvar Pétursson** - Greining og meðferð.
09.20-09.40 **Bjarni Elvar Pétursson** - Hvað er nýtt í perio?
09.40-10.00 Umræður.
- 10.00-10.30 Kaffihlé.
- 10.30-10.50 **Álfheiður Hrönn Ástvaldsdóttir** - Tannskemmdir; greining og meðferðarval.
10.50-11.10 **Sigfús Þór Elíasson** - Ísetning plastfyllinga.
11.10-11.30 Umræður.
- 11.30-13.30 Hádegismatur.
- 13.30-13.50 **Sigurður Rúnar Sæmundsson** - Deyfilyfið Articain – betra en hin?
13.50-14.10 **Helgi Hansson** - Nýjar áherslur í viðgerðum á barnatönnum.
14.10-14.30 Umræður.
- 14.30-15.00 Kaffihlé.
- 15.00-15.20 **Júlíus Schopka** - Munn- og kjálkaskurðlækningar við upphaf 21. aldar.
15.20-15.40 **Sævar Pétursson** - Munn- og kjálkaskurðlækningar við upphaf 21. aldar.
15.40-16.00 Umræður.
- Frá 16.00 Happy hour á Lobbý barnum

LAUGARDAGUR 13.NÓVEMBER 2010

- 09.00-09.20 **Ingibjörg Benediktsdóttir** - Tannröntgen á öðrum tug 21. aldar.
- Nýjasta tækni og vísindi.
09.20-09.40 **Árni Þórðarson**, Self-ligating brackets: Tælandi tanntyllur
09.40-10.00 Umræður.
- 10.00-10.30 Kaffihlé.
- 10.30-10.50 **Magnús Friðjón Ragnarsson** - Hvað er nýtt í endó.
10.50-11.10 **Hængur Þorsteinsson** - Sjálfsmenntun tannlækna.
11.10-11.30 Umræður.
- 11.30-13.00 Hádegismatur.
- 13.00-13.20 **Elín Sigurgeirsdóttir** - Nýjungar og klókindi í prótetík.
13.20-13.40 **Jón Ólafur Sigurjónsson** - Nýjungar og klókindi í prótetík.
13.40-14.00 Umræður.
- 14.00 Þing slitið.

Dagskrá tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna Hótel Hilton Nordica

Föstudagur 12.nóvember 2010.

08.45 - 09.30 Skráning og afhending gagna.

09.30 - 10.30 **Kristín Heimisdóttir** tannlæknir og sérfræðingur í tannréttingum
- **Um skakkar tennur og beinar**

10.30 - 11.00 *Kaffihlé.*

11.00 - 11.50 **Peter Holbrook** sérfræðingur í örveru- og ónæmisfræði/sýklafræði
- **Sjúkdómar í munnholi.**

11.50 - 12.30 **Jóhann Ingi Gunnarsson** sálfræðingur - **Öflugt sjálfstraust**

12.30 - 14.30 *Hádegisverðarhlé - Vörusýning.*

14.30 - 15.00 **Hrönn Róbertsdóttir** tannlæknir- **Hvað einkennir fallegt bros.**

15.00 - 16.00 **Bergþór Pálsson** söngvari - **Brosandi borðsiðir.**



**Samhliða Ársþinginu verður vörusýning í forrými á
Hilton Nordica Hótel**

FUMFS 2009 -2010

Félag um munnheilsu fólks með sérþarfir (FUMFS) hélt aðalfund sinn í kjölfar ársþings TFÍ sl. haust þar sem lög FUMFS voru endurskoðuð og samþykkt.

Í maí var haldinn fjarfyrirlestur frá TAKO miðstöðinni í Noregi sem reyndist vel. Um þessar mundir erum við að undirbúa þátttöku í tveimur slíkum fjarfyrirlesturum frá TAKO (á norsku) í október og nóvember, og hvetjum við íslenska tannlækna að fylgjast með þessu. FUMFS tók þátt í alþjóðlegri ráðstefnu á vegum IADH í Belgíu í ágúst og stefnt er á að fjölmenna á norræna ráðstefnu 25-26 ágúst 2011 í Gautaborg. Sú ráðstefna verður með svipuðu sniði og sú sem haldin var í Reykjavík í ágúst 2009 á vegum FUMFS. Ráðstefnan verður á ensku og aðalumfjöllunarefnið eyðing á tannvef, bæði vegna slits og sýrueyðingar.

Nýir félagar eru ávallt velkomnir í FUMFS. Áhugasömum er bent á að hafa samband við stjórnarmenn FUMFS. Meiri upplýsingar eru að finna á heimsíðu félagsins <http://munnheilsa-folks-med-sertharfir.wikispaces.com/>

Elín Wang formaður

Skýrsla frá Ritnefnd Tannlæknatala:

Engin regluleg starfsemi hefur verið hjá nefndinni á þessu ári nema upplýsingasöfnun sem jafnan á sér stað.

Sigurjón Sigurðsson.

Ritnefnd tannlæknablaðs.

Störf ritnefndar hafa verið með hefðbundnu sniði og kom síðasta blað út í nóvember 2009. Fundir vel sóttir og gagnlegir. Ritnefndarmenn reyna að hafa blaðið sem fjölbreyttast og fróðlegt en til þess að það takist verða félagsmenn að sýna meiri áhuga á að birta efni og kemur allt til greina; fræðileg erindi, skemmtileg tilfelli og annað sem menn telja að eigi erindi í blaðið. Við sláum ekki heldur hendi á móti skemmtilegum greinum sem fjalla um líf og tilveru tannlækna; ferðasögur og uppákomur! Í stuttu máli látið í ykkur heyra, þetta er jú ykkar blað en ekki ritstjórnar. Stefnt er á útkomu blaðsins í nóvember en er eins og fyrr háð skilum greina í tíma.

Fyrir hönd ritstjórnar,
Jónas Geirsson ritstjóri.

Skýrsla samninganefndar við FTAT:

Samningar eru lausir í vetur hjá okkur við aðstoðarfólk eins og hjá mörgum öðrum. Ég geri ráð fyrir að við munum bíða og sjá til hvort eitthvað samkomulag náist hjá aðilum vinnumarkaðarins við stjórnvöld, áður en gengið verður til samninga.

Samninganefndin er þó auðvitað tilbúinn til viðræðna hvenær sem er.

Gísli Vilhjálmsson formaður

Árshátíð Tannlæknafélags Íslands verður haldin laugardagskvöldið 13. nóvember í Turninum í Kópavogi.

Skemmtinefndin (Kokkurnar) hafa eins og í fyrra sett saman glæsilega dagskrá.

Takið kvöldið frá, það má enginn missa af þessu kvöldi.



Það er fátt skemmtilegra en glens og gaman með skemmtilegu fólki.

DAGSKRÁ ÁRSHÁTÍÐAR

Húsið opnar kl. 19.00 með fordrykk
Samkoman sett kl. 20.00

Hátíðarkvöldverður:

Forréttur

Hvítlauksristaðir humarhalar í kremaðri hvítlaussósu með kryddjurtakartöflumauki, kryddjurtasalati og smjörsteiktu brauði.

Aðalréttur

Lambarifjur með krydduðum lambaskanka, madeira sósu, kremuðum sveppum og fandant kartöflum.

Eftirréttur

Frönsk súkkulaðikaka með pistasíuís og fersku berjasalsa.

Ræða kvöldsins

Skemmtiatriði

Diskótek fram á nótt.

